



Félagsfræði, 5. Bekkur.

Námsáætlun skólaárið 2021-2022

Félagsfræði er stór og víðfeðm fræðigrein sem lætur sér ekkert mannlegt óviðkomandi, samfélagið er á stöðugri hreyfingu og breytist hraðar nú um stundir en tíðkast hefur í gegnum söguna. Hugtök og hugmyndafræði breytast hratt og má taka sem dæmi samfélagsmiðla sem hafa haft gífurleg áhrif á samfélagið sem og knýjandi viðfangsefni samfélaga eins og loftlagsmál, Covid, ófriður og annað sem hefur áhrif á samfélagið og fólkið sem þar býr. Í vetur verður fjallað um viðfangsefni félagsfræðinnar eins og félagsfræðileg hugtök og merking þeirra, meginkenningar og frumkvöðla félagsfræðinnar. Einnig verða tekin fyrir samfélagsleg málefni líðandi stundar eftir því sem við á og geta nemendur komið með tillögur og vinna verkefni sem tengist því.

Kenndar verða 5 kennslustundir á viku og fer kennsla fram með verkefnavinnu, umræðum, innlögnum kennara og nemenda, tímaverkefnum og fleira.

Námsmarkmið.

Nemendur:

- Þjálfist í að fylgjast með og taka þátt í umræðu um samfélagið
- fái innsýn í veruleika þeirra sem búa við fátækt og skort á tækifærum
- auki þekkingu sína á íslensku samfélagi og samfélagi þjóða
- æfist í afla sér félagslegra upplýsinga og vinna skipulega úr þeim
- efli með sér gagnrýna hugsun, skilning og virðingu.
- Þekki og kunni að nota helstu hugtök félagsfræðinnar.

Námsefni:

Fyrir áramót

Vefbók: Félagsfræði, ég við og hin. Höfundur: Hrafnkell Tumi Kolbeinsson.

<https://vefbok.is/eg-vid-og-hin/>

Annað efni frá kennara

Námsmat

Áfanginn er símatsáfangi

3 kaflapróf 30% (10% hvert)

Ritgerð á haustönn 15%

Stjórnmalaflokkaverkefni 5%

Fyrirlestur á vorönn 15%

Rannsókn eða annað verkefni 5%

Mæting, þátttaka í tímum (tímaverkefni) og skil á minni verkefnum yfir veturinn 30%

(verkefnaskil fara að jafnaði fram í gegnum INNU og því mikilvægt að nemendur skili verkefnum innan gefins tímaramma, einnig er mikilvægt að nemendur komi undirbúnir í tíma til að geta tekið þátt á virkan hátt)

Nemendur taka ekki jólaþróf og er jólaþrófseinkunn meðaltal af tveimur kaflaþrófum og ritgerð haustanna.

Þar sem þetta er símatsáfangi skiptir miklu máli að nemendur taki virkan þátt í tímum og séu búnir að kynna sér efnið sem er til umfjöllunnar hverju sinni. Nemendur eiga líka að skila reglulega verkefnum á INNU og þar er ákveðinn tímarammi og ekki hægt að „vinna upp“ og skila seinna verkefnum nema um mjög sérstakar aðstæður sé að ræða.

Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.